

REGLUR

um félagslega heimaþjónustu í Sveitarfélaginu Árborg.

I. KAFLI

Markmið, hlutverk og skipulag félagslegrar heimaþjónustu.

1. gr.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla einstaklinga til sjálfsbjargar og gera þeim kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

2. gr.

Hlutverk félagslegrar heimaþjónustu er að veita:

- aðstoð við almennt heimilishald. Nánari skilgreiningu er að finna í bæklingi um félagslega heimaþjónustu
- aðstoð við persónulega umhirðu sem ekki telst heimahjúkrun
- félagslegan stuðning, t.d. með innliti og stuttri viðveru
- aðstoð við umönnun barna og ungmenna með hliðsjón af aðstæðum þegar um erfiðar fjölskylduáðstæður er að ræða

3. gr.

Rétt til félagslegrar heimaþjónustu eiga þeir einstaklingar sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjáparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduáðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

II. KAFLI

Ákvarðanataka.

4. gr.

Verkefnisstjóri félagslegra úrræða og sérfræðingur í öldrunarmálum hafa, í umboði félagsmálanefndar, heimild til að taka ákvörðun um heimaþjónustu skv. reglum þessum. Félagsmálanefnd skal með jöfnu millibili fá upplýsingar um fjölda notenda og annað er máli kann að skipta við framkvæmd heimaþjónustunnar.

III. KAFLI

Framkvæmd þjónustunnar.

5. gr.

Umsóknir um félagslega heimaþjónustu skulu berast verkefnisstjóra og/eða sérfræðingi á sérstökum eyðublöðum eða á rafrænum umsóknum sem nálgast má á heimasíðu Árborgar (www.arborg.is). Verkefnisstjóri og/eða sérfræðingur skal meta þjónustuþörf í samráði við væntanlegan þjónustuþega. Í þjónustumati skulu koma fram upplýsingar um færni einstaklingsins, félagslegar aðstæður, tengslanet í félagslegu umhverfi og tekjur hans samkvæmt staðfestu afriti af skattframtali síðasta árs. Læknisvottorð og/eða álit annarra sérfræðinga skal liggja fyrir ef ástæða þykir til að mati starfsmanna. Stefnt skal að reglulegu endurmati.

6. gr.

Við framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu skal þess gætt að hafa gott samstarf við aðra þjónustuaðila sem þjónustuþegi getur þurft á að halda, t.d. heimahjúkrun, lækna og þjónustuhóp aldraðra á svæðinu.

7. gr.

Leitast skal við að ráða fólk til starfa í heimaþjónustu sem hefur reynslu af heimili og umönnunarstörfum. Einnig skal stefnt að því að sem flestir starfsmenn hafi lokið sérstökum námskeiðum fyrir starfsfólk í félagslegri heimaþjónustu.

8. gr.

Félagsmálanefnd skal setja reglur og leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagslegrar heimaþjónustu, einnig eru þar nánar tiltekin verkefni starfsmanna, skyldur þeirra og réttindi. Reglur þessar skulu kynntar fyrir starfsfólki svo og þjónustuþegum.

9. gr.

Starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu eru starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar og taka laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Árborgar.

10. gr.

Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þjónustuþegum. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða í starfi sínu vísir um einkamál manna og heimilishald.

11. gr.

Vinnutími starfsmanna er að jafnaði dagvinnutími, mánudaga til föstudaga. Vinna utan þess tíma er háð samþykki verkefnisstjóra.

12. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu skal greitt skv. gjaldskrá sem bæjarstjórn setur að fengnum tillögum frá félagsmálanefnd.

IV. KAFLI

Málsmeðferð, málskotsréttur umsækjenda og gildistími reglna.

13. gr.

Sé beiðni um félagslega heimaþjónustu hafnað skal umsækjandi fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.

14. gr.

Umsækjandi um félagslega heimaþjónustu getur áfrýjað ákvörðun um höfnun umsóknar til félagsmálanefndar Árborgar og skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því umsækjanda var formlega tilkynnt um höfnun. Ákvörðun félagsmálanefndar má áfrýja til úrskurðarnefndar félagsþjónustu í félagsmálaráðuneytinu, sbr. 64. gr. í lögum nr. 40/1991.

15. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um félagslega heimaþjónustu í Árborg frá 11. janúar 2000.

Nr. 121

19. janúar 2006

Samþykkt í félagsmálanefnd Árborgar þann 9. janúar 2006.
Samþykkt í bæjarráði Árborgar þann 19. janúar 2006.

Sveitarfélaginu Árborg, 19. janúar 2006.

Einar Njálsson bæjarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2006